

# List- og verkgreinar

Starfsáætlun - 2023-2024

## Námsumhverfi/skipulag

Í 2.- 3. bekk verða 58 nemendur. Fimm list- og verkgreina verða kenndar þ.e. textílmennnt, myndmennnt, sköpun, heimilisfræði og tónmetnnt. Í hverjum hóp eru 12 – 13 nemendur. Hver hópur kemur tvisvar sinnum í viku í 80 mínútur í senn og kemur hver hópur í ca 12 skipti í hverja list- og verkgrein 6 sinnum fyrir áramót og 6 sinnum eftir áramót.

Í 4. – 5. bekk verða 58 nemendur. Fimm list- og verkgreina verða kenndar þ.e. textílmennnt, myndmennnt, smíðar, heimilisfræði og upplýsingatækni. Í hverjum hóp eru 12 – 13 nemendur. Hver hópur kemur tvisvar sinnum í viku í 80 mínútur í senn og kemur hver hópur í ca 12 skipti í hverja list- og verkgrein.

Í 6. - 7. bekk eru 69 nemendur. Fjórar list- og verkgreina verða kenndar þ.e. textílmennnt, myndmennnt, smíðar og heimilisfræði. Í hverjum hóp eru 9 – 10 nemendur. Tveir hópar koma í hverja smiðju í senn og er hverjum hópi kennt tvisvar í viku í 80 mínútur í senn í 16-18 skipti.

Í 8. – 10. bekk eru 134 nemendur. Fjórar list- og verkgreina verða kenndar þ.e. lífleikni/hugleiðsla og slökun, myndmennnt, smíðar og heimilisfræði. Unglingadeild verður árgangaskipt og kemur hver árgangur einu sinni í viku í 80 mínútur í senn í 5 skipti fyrir áramót og 5 skipti eftir áramót.

## Námsgreinar

Kennsluhættir í list- og verkgreinum eru mjög fjölbreyttir. Einstaklingsmiðun er mikil þar sem sérstaða einstaklingsins innan nemendahópsins er gaumur gefinn samhliða því að taka mið af því sem nemendur eiga sameiginlegt. Námsmarkmið eru sýnileg í list- og verkgreina stofunum. Námsmarkmið eru kynnt nemendum hverju sinni þannig að nemendur séu meðvitaðir um hvað ætlast er til af þeim. Verk nemenda skólans eru gerð sýnileg með ýmsum hætti. Verkum nemenda er stillt upp í glerskápum og

hillum í matsal skólans. Verk eru einnig hengd á vegg, í loft og í glugga og gerð þannig sýnileg öllum nemendum skólans og öllum þeim sem leggja leið sína um hann.

## **Grunnþættir menntunar:**

### **Heilbrigði og velferð**

- tekið er mið af þörfum allra hvað varðar nám í list og verkgreinum til að skapa andlega og líkamlega vellíðan. Leitast við að veita nemendum tækifæri til að nýta styrkleika sína sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Skapa jákvætt andrúmsloft og viðhorf til listsköpunar og handverks

### **Sjálfbærni:**

- sjálfbærni og endurvinnsla höfð að leiðarljósi. Sjálfbærni sýnst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Nemendur eru hvattir til endurnýtingar og bera virðingu fyrir efnivið hvers viðfangsefnis. Flokka ruslið ganga vel um.

### **Læsi**

- að lesa í mismunandi efnivið, texta, myndir og umhverfi - að geta skilið umhverfi sitt og nýtt sér fjölbreytta möguleika í samskiptum

### **Jafnrétti**

- nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta sína hæfileika. Nemendur fá verkefni við sitt hæfi og lögð er áhersla á að tækifærin séu jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins.

### **Sköpun**

- fjölbreyttar kennsluaðferðir og vinnubrögð. Að búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunaraflíð og leika sér með möguleika. Sköpun byggir á forvitni, áskorun, spennu og leit.

### **Lýðræði og mannréttindi**

- virðing fyrir mannréttindum, viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun. Börn þurfa réttindafræðslu svo þau geti staðið vörð um réttindi sín og annarra barna. Mikilvægt að mennta börn til að búa í lýðræðisþjóðfélagi, virkja þau í gagnrýnni hugsun og æfa lýðræðisleg vinnubrögð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín.

### **Jákvæður agi**

Í list- og verkgreinum er kappkostað við að æfa samskiptahæfni, samvinnu og gagnkvæma virðingu. Hvatning er höfð að leiðarljósi og fjölbreytileikanum fagnað. Lausnahjólíð sýnilegt á svæðinu og kynnt nemendum sérstaklega.

## **Upplýsingatækni**

Við nýtum okkur tölvur í okkar kennslu, í hugmyndavinnu með nemendum. Prentari er inni á svæðinu okkar sem við nýtum mikið við gerð hinna ýmsu verkefna með nemendum. Varast ber samt að nemendur taki verk af netinu og geri að sínu.

## **Barnasáttmálinn**

Barnasáttmálanum haldið á lofti samfara bekkjarsáttmála sem er ræddur og gerður í upphafi hverrar smiðju. Grein mánaðarins rædd og fleiri atriði er koma að lífi og starfi nemenda.

## **Árshátíð**

List- og verkgreina teymið tekur virkan þátt í undirbúningi Árshátíðar Naustaskóla. Sviðsmynd, hljóð, búninga, bakstur og fagleg aðstoð sem og utanumhald á æfingaplani og kynnum og margt fleira.

## **Aðalnámskrá grunnskóla**

Í Aðalnámskrá grunnskóla stendur að megin tilgangur list- og verkgreina sé að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir. Í smiðjunum fá nemendur tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákni, tóna og líkamann í tíma og rúmi og tengja þannig á milli hugmyndar, verka og hluta. Skoði umhverfi sitt á gagnrýninn hátt og geri sér grein fyrir þetta eykur hæfni nemenda til að takast á við síbreytilegan heim á persónulegan, gagnrýnin og skapandi hátt.

## **Námsmat**

Inni á mentor eru markmið list- og verkgreinakennara. Verkefni eru lögð fyrir nemendum og eiga nemendur að vinna og reyna að ná settum markmiðum. Kennarar haka við í mentor við lykilhæfni nemandans eins og við á og eftir námsframvindu nemenda í lok hverrar smiðju fyrir sig.

## **Nemendasamtöl**

Ekki eru formleg nemendasamtöl á milli list- og verkgreinakennara og nemenda. En mikil samræða á sér stað í litlum hópi eins og í list- og verkgreinum og hefur reynslan sýnt að óformlegt nemendasamtal á sér stað allan daginn, alla daga á milli kennara og nemanda.

## **Teymisvinna**

Bundar eru vonir til að efla samþættingu list- og verkgreina inn í þemu sem og innan list- og verkgreinafaganna hjá árgöngum. Vonandi verður samvinna meiri og þá verður meira gaman að vinna hérna. Fundað verður á tveggja vikna fresti með stjórnanda. Teymisfundir án stjórnanda á tveggja vikna fresti.

## **List- og verkgreinar**

### **Hönnun og smíði**

Nemandinn kynnist algengustu verkfærum sem notuð eru við smíðar og lærir að nota þau. Reynt er að efla sköpunargleði og sjálfstæða hugsun nemandans. Nemandinn á að læra að koma hugmynd á blað og finna ferlið að sinni útkomu. Hann fær að móta hluti og festa saman efnishluta og skreyta. Nemandinn lærir aðferðir til að forma viðfangsefni sín og fín vinna þau síðan. Farið er yfir helstu öryggisatriði og lagt upp með að auka öryggisvitund nemanda. Áhersla er lögð á vandvirkni í verkum og vinnubrögðum.

### **Textílmennt**

Nemandinn kynnist algengustu verkfærum sem notuð eru í textílmennt, hvað þau heita og hvernig eigi að ganga um þau. Hugmyndavinna og sköpun er mikilvægur þáttur í textílmennt þar sem nemandinn útfærir sitt verkefni eftir sínu höfði og áhugasviði. Sjálfstæði, hjálpssemi og vönduð vinnubrögð eru mikilvægir þættir í textílstofunni.

**Í 2. - 3. bekk** er lögð mikil áhersla á sköpun og gefa nemendum frjálsar hendur við útfærslu verkefna sinna. Mikil áhersla er lögð á fínhyfingar. Samþætting á milli textílmenntar og myndmenntar þróuð.

**4. - 5. bekk** er lögð mikil áhersla á sköpun og að gefa nemendum frjálsar hendur við útfærslu verkefna sinna. Unnið með fjölbreyttan efnið, þar sem námið felst í vinnunni en ekki endilega lokaafurðinni.

**6. - 7. bekk** er lögð mikil áhersla á sköpun og að gefa nemendum frjálsar hendur við útfærslu verkefna sinna. Unnið með fjölbreyttan efnið, þar sem námið felst í vinnunni en ekki endilega lokaafurðinni.

**8. - 10. bekk - Lífsleikni/Hugleiðsla og slökun.** Lífsleikni er námsgrein sem á að veita börnum og ungmennum fróðleik um ýmislegt í lífinu sem ekki er fjallað um í hefðbundnum námsgreinum, gera þau leikin í að lifa lífinu, kenna þeim listina að lifa. Lífsleikni felur í sér víðtæka nálgun á fjölbreyttu efni þar sem aldur og þroski nemenda skiptir megin máli í efnisvali og efnistöfum. Nemendur fá að kynnast nokkrum aðferðum í hugleiðslu og hvernig þau geti notað hana í eigin lífi til að bæta sín lífsgæði. Einnig eru kenndar nokkrar aðferðir við slökun og rætt um streituvalda og hvernig við getum minnkað álagið á okkur. Öndunaræfingar eru teknar fyrir og sýnt fram á hvað þær geta haft mikil áhrif á okkar vellíðan. Talað er um neikvæðar og jákvæðar hugsanir og hvað við getum gert til að flokka þær niður. Við tölum mikið um sjálfstraust, jákvæðan og neikvæðan leiðtoga, vináttu og drauma.

## **Myndmennt**

Helstu markmið myndlistar er að kynnast fjölbreyttum aðferðum, efnivið og helstu stefnum myndlistar ásamt því að efla sköpunargáfu og hugmyndaflug nemenda. Lögð er áhersla á fjölbreytileika verkefna og tengingu þeirra við samfélagið. Einnig er lögð mikil áhersla á vönduð vinnubrögð nemenda, góða umgengni um áhöld, efnivið og vinnuumhverfi..

Kennarinn er meira sem leiðbeinandi sem leggur fram verkefni sem þau útfæra eftir sínum leiðum og er til staðar til að leiðbeina í fýsilegan farveg. Námsáætlun er gerð að hausti og hangir í stofu og í upphafi hvers verkefnis er markmið útskýrt, tilgangur og mismunandi leiðir.

Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list jafnframt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýninn skilning á heiminum.

Hér má sjá hæfniviðmið sjónlista ( kafli 21.6 )

Í myndmennt verða áherslur ólíkar eftir aldri.

**Í 2. og 3. bekk** er lögð áhersla á að kynnst fjölbreyttum aðferðum og fá að prófa allskonar. Lögð verður áhersla á litablöndun, formfræði, leirmótun og frjálsa sköpun. Markvisst reynt að samþætta við þemu á svæðum.

**Í 4. og 5. bekk** er markmiðið að vinna að litufræði og litahringnum, kynnst fjarvídd, vinna í leir, og frjálsri sköpun. Markviss samþætting.

**Í 6. og 7. bekk** verður mikil áhersla lögð á litablöndun, teikningu, hlutföll mannlíkamans og leirmótun og þrykk. Samþætting höfð að leiðarljósi

**8. - 10. bekk** í smiðjunni fyrir jól er barnasáttmálinn lagður til grundvallar í plakatagerð. Markmiðið er að æfa leturgerð og uppsetningu og tileinka sér mannréttindi barna í gegnum Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Nemendur fá að spreyta sig í aðferðum, eiginleikum og möguleikum efna.

Eftir jól mun listasagan taka öll völd. Nemendur vinna verkefni í anda ákv. tímabila listasögunnar og læra um strauma og stefnur og kynnst ákv. listamönnum.

## Tónmennt

Yfirmarkmið: Tónmenntakennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómun, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt. Í tónlistariðkun felst hlustun, sköpun og flutningur. Nemendur kynnst fjölbreyttri tónlist og tengingu hennar við líf og starf með ólíkri og lifandi nálgun. Hæfniviðmið í tónmennt koma til viðbótar markmiðum verk- og listgreina

**Í 1. - 5. bekk** eru markmið kennslunnar áþekkt, byggjast á yfir markmiðum tónmennta kennslunnar, en kröfur til hæfni aukast ár frá ári. Nemendur þjálfast í að greina og

velja hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun. Þeir taka þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flytja og túlka eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti. Nemendur þjálfast í að greina, ræða og að einhverju marki meta og endurskoða eigin sköpunarverk og skóla systkina sinna af sanngirni. Nemendur æfast í að beita eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum. Gegnum virka hlustun læra nemendur að greina, ræða og útskýra menningarlegt samhengi tónlistar við ólík stílbrigði.

**Í 1. bekk** er áherslan mest á söng, hlustun og hrynpjálfun.

**Í 2. - 3. bekk** eru áherslur þær sömu og í fyrsta bekk, með aukinni áherslu á hrynpjálfun, skriflegum verkefnum og sköpun með skóla hljóðfærum.

**Í 4. - 5. bekk** eru áherslur þær sömu og verið hefur en við bætist hljóðfæraleikur í hóp (“hljómsveit”).

Í öllum tímum er mikil áhersla á þrautseigju, jákvæðni, umburðarlyndi og samvinnu.

#### **Heimilisfræði 4. - 10. bekkur**

Helstu markmið í heimilisfræði er að nemendur kynnist helstu mæli- og rafmagnstækjum, eldhúshöldum og tileinki sér notkun og umgengni á slíkum tækjum og hvað það er sem þarf að varast við notkun þeirra. Nemendum verður kennt að matreiða fjölbreyttan hversdagsmat og baka úr mismunandi hráefnum, áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð, geta farið eftir fjölbreyttum uppskriftum, mikilvægi hreinlætis við matargerð og fræðist um helstu smitleiðir matarsýkinga og mikilvægi hollrar næringu, flokkun ofl.

Í upphafi smiðju er kennarinn búinn að skipuleggja þau viðfangsefni sem tekin verða fyrir í smiðjunni sem eru sniðin að getustigi og markmiðum hvers stigs. Nemendum gefst síðan tækifæri til þess þegar líða fer að lokum smiðjunnar að koma með óskir af því sem þau myndu vilja baka eða matreiða.

Kennslan er að mestu leyti verklega þar sem nemendur vinna saman 2-3 í hóp þar sem lögð er áhersla á samvinnu, virðingu, sjálfstæð vinnubrögð og virkni nemenda þar sem nemendur skipta með sér verkum og aðstoða hvorn annan.

## Val í 8. - 10. bekk:

### Fatasaumur

Nemendur í fatasaum fá í samráði við kennara að velja sér verkefni eftir því hvar nemandinn er staddur í textíl námi sínu. Nemendur geta t.d. saumað og hannað föt á sjálfan sig, föt á lítil börn eða töskur og veski svo eitthvað sé nefnt. Mikil áhersla er lögð á að nemendur temji sér vönduð vinnubrögð og nákvæmni.

### Tauprykk

Mismunandi aðferðir við þrykk verða kynntar, s.s. stimplar, stenslar, rammaþrykk o.fl. Nemendum verður kennt að útfæra hugmyndir sínar í vefjarefni, flíkur eða nytjahluti. Nemendur þróa og hanna stykki að eigin vali og geta blandað aðferðum með þrykkinu eins og útsaum og bútsaum.

### Heimilisfræði

Kennslan er að mestu leyti verkleg. Nemendur fá fyrirfram ákveðin verkefni. Þau eru kynnt og farið yfir aðferðir í byrjun tímans og verkefnin síðan unnin í hópum sem samanstanda af 2-3 nemendum. Hóparnir eru breytilegir. Lögð er áhersla á því að nemendur geti lýst vinnuferlinu með orðum og nýtt sér þá kunnáttu sem þeir hafa öðlast á skapandi og sjálfstæðan hátt. Einnig að þeir þekki algeng hráefni, kunni fjölbreyttar matreiðslu- og bakstursaðferðir og geti bakað og eldað sjálfstætt eftir algengum uppskriftum. Einnig eiga þeir að þekkja helstu smitleiðir matarsýkinga og mikilvægi hreinlætis við alla matargerð. Námsmatið byggir á vinnusemi og vinnubrögðum, áhuga, samvinnu, hegðun, frágangi í heimilisfræðistofunni (og afurð).

### Myndmennt

Mikilvægt að nemendur velji myndmennt af áhuga. Mikið lagt upp úr frumkvæði og mikil áhersla lögð á frumsköpun í stað þess að taka hugmyndir af netinu.

Í myndmennt verður kappkostað að gera fjölbreytta hluti með fjölbreyttum aðferðum. Horft verður á áhuga og hæfileika hvers og eins svo hver og einn fái að njóta sín. Ákveðin markmið eru höfð að leiðarljósi og grunnþættir og lögmál myndlistar verða



útgangspunktur verka nemenda. Lykilhæfnin metin: sjálfstæði, þrautseigja, samvinna, sköpun og gagnrýnin hugsun

## **Leir og Sköpun**

Farið verður í undirstöðupætti og grunnaðferðir leirmótunar og við reynum að ná tókum á vinnubrögðum og tækni. Ein besta leiðin til að þroska formtilfinningu er að móta form og leirinn er nærtækasta efnið til þess, örvar líka athyglisgáfuna sem og samhæfingu hugar og handar ofl.